

Mat fyrir ÍTH vor 2014

Kolbrún Þ. Pálsdóttir
Vanda Sigurgeirsdóttir

Stýrihópur

- Geir Bjarnason, æskulýðs- og forvarnarfulltrúi
 - Andri Ómarsson, deildarstjóri
 - Kristín Thoroddsen, fulltrúi foreldra
 - Jónína Ósk Ingólfssdóttir, verkefnastjóri
 - Hafdís Einarsdóttir, nemi
-
- Þrjár fundir haldnir

Markmið matsins

- Markmið matsins var að afla upplýsinga um sérkenni og stöðu þjónustunnar út frá sjónarhorni starfsfólks, foreldra, barna og unglunga.
- Draga fram styrkleika og sóknarfæri, þ.e. hvernig bæta megi starfið í þágu barna og unglunga.

Megin matsspurningar

1. Er unnið samkvæmt markmiðum og stefnu ÍTH að mati barna, unglunga, starfsfólks og foreldra?
2. Telja starfsmenn að þeir styðji við eða sinni óformlegu námi í daglegu starfi og stuðli að félagsfærni barna og unglunga?
3. Hver eru viðhorf barna/unglunga og foreldra til þjónustunnar?
4. Hver eru viðhorf starfsfólks og foreldra til rekstrarforms og stjórnunarháttanna félagsmiðstöðva og frístundaheimila?

Matsþættir

- Stefnumótun og stjórnun
- Innra starf
- Samstarf
- Aðbúnaður og húsnæði

Tafla 1. Yfirlit yfir hagsmunaaðila og gagnasöfnun

Hagsmunaaðilar	Gagnasöfnun
Starfsfólk frístundaheimila	Rýnifundur - 7 starfsmenn tóku þátt Spurningalisti A – 42 starfsmenn tóku þátt
Starfsfólk félagsmiðstöðva	Rýnifundur – 7 starfsmenn tóku þátt Spurningalisti A – 27 starfsmenn tóku þátt
13-15 ára unglingar	Vettvangsheimsóknir í félagsmiðstöðvar Spurningalisti B – 163 unglingar tóku þátt
6-9 ára börn á frístundaheimilum	Vettvangsheimsóknir í frístundaheimili
Verkefnastjórar tómstundamiðstöðva	7 viðtöl
Foreldrar	Spurningalisti C – 314 foreldrar tóku þátt
Stjórnendur ÍTH	<u>Skrifleg gögn:</u> Stefnumótun Starfsáætlanir Skýrslur starfsstaða Töluleg gögn Heimasíður

Megin niðurstöður

Stefna og stjórnun

Styrkleikar	Veikleikar
Skýr stefna um markmið og hugmyndafræði	Of mörg verkefni hvíla á herðum verkefnastjóra tómstundamiðstöðva
Starfsskrár skýrar og aðgengilegar á heimasíðu	Nokkuð tíð starfsmannaskipti í verkefnastjórahópnum (16 manns hafa gegnt þessum sjö stöðum 2011-2014)
Meirihluti starfsmanna upplifir góðan starfsanda á vinnustaðnum	11% starfsfólks frístundaheimila eru ósammála því að á vinnustaðnum sé góður starfsandi, samanborið við 7% starfsfólks félagsmiðstöðva
Alla jafna góð samskipti við yfirmenn	Of fáir starfsmannafundir eru haldnir á frístundaheimilum
Starfsfólk telur sig vita til hvers er ætlast af þeim	Tíð starfsmannaskipti og mikið um forföll innan frístundaheimila
Daglegur undirbúningstími á frístundaheimilum nýtist vel	Starfsfólk félagsmiðstöðva taldi sig hafa fremur lítinn undirbúningstíma
Verkferlar vegna stuðnings á frístundaheimilum í vinnslu	Verkferlar vegna áfalla og eineltis ekki til staðar
Nýliðafræðsla ávallt í boði fyrir alla starfsmenn	Huga þarf að meiri fjölbreytni í fræðslu og eftirfylgni við fræðslu

Innra starf

Styrkleikar	Veikleikar
Innra starf félagsmiðstöðva virðist skipulagt og markvisst	Innra starf frístundaheimila þarf að efla
Markvisst er unnið með unglíngalýðræði í félagsmiðstöðvum	Efla þarf ennfrekar fagmennsku og ábyrgð starfsfólks frístundaheimila
Ánægja foreldra með starfsemi frístundaheimila hefur aukist frá fyrri könnun	22% foreldra telur að börn þeirra séu ekki ánægð á frístundaheimilinu og 9% foreldra segja að börn sín hafi lent í einelti
Börn á frístundaheimilum hafa möguleika á að velja á milli ólíkra leiksvæða og viðfangsefna	Koma þarf betur til móts við börn úr 3. og 4. bekk
Unglingar eru flestir mjög ánægðir með félagsmiðstöðina sína	Starf fyrir 10-12 ára börn er mjög takmarkað
	Foreldrar telja að bjóða þurfi upp á fjölbreyttari verkefni á frístundaheimilum
	Starfsfólk upplifir að það skorti fjármagn til að geta aukið fjölbreytni í starfinu, bæði vettvangsferðir og aðföng

Samstarf

Styrkleikar	Veikleikar
Á sumum stöðum er mjög gott samstarf við skóla	Samstarf við sumu skóla alls ekki nógu gott; starfsfólk upplifir í þeim tilvikum að starfsemin sé annars flokks og fái aðstöðu sem nýtist öðrum ekki
Verkefnastjórar hafa náð að vinna vel saman	Flutningur frístundaheimila yfir til ÍTH virðist hafa valdið nokkurri neikvæðni innan skóla
	Foreldrar upplifa ekki mjög miklar áherslur á foreldrasamstarf innan frístundaheimila
	Foreldrar hafa almennt ekki trú á því að innan frístundaheimila fari fram mikilvægt uppeldisstarf
	Auka mætti samstarf milli starfsstöðva
	Innan frístundaheimila er ekki mjög öflugt samstarf við annað íþróttá- og tómstundastarf

Aðbúnaður og húsnæði

Styrkleikar	Veikleikar
Frístundaheimilin/félagsmiðstöðvar eru staðsett annað hvort í eða við skólahúsnæði þannig að stutt er fyrir börnin/unglingana að fara	Víða er aðstaða frístundaheimila og félagsmiðstöðva fremur rýr
Útileiksvæði við frístundaheimili eru alla jafna til staðar og almennt góð	Of lítið húsnæði veldur hávaða og auknu álagi á börn og starfsfólk frístundaheimila
Húsnæði var vel merkt og aðkoma yfirleitt góð	Starfsemin dreifist oft um húsnæðið sem veldur meira álagi á starfsfólk
Húsnæði skólans nýtist alla jafna vel fyrir opin hús og böll í félagsmiðstöðvum	Á a.m.k. tveimur stöðum þarf nauðsynlegt viðhald á húsnæði og aðbúnaði, s.s. málun, gólf, gluggar, hurðir
	Á nokkrum stöðum voru húsgögn og tæki lúin
	Skrifstofuaðstaða verkefnastjóra er misgóð

Megin tillögur matsaðila

Stefna og stjórnun

- Endurskoða starfsumhverfi verkefnastjóra
- Verkferill um móttöku nýs starfsfólks
- Finna leiðir til að auka stöðugleika í starfsmannahópnum
- Efla stoðþjónustu fyrir börn og unglinga með fötlun
- Efla starf fyrir 10-12 ára börn

Innra starf

- Fjölga uppeldismenntuðu starfsfólki
- Kanna og bæta líðan barna á frístundaheimilum
- Efla umbóta- og þróunarstarf innan starfsstaða
- Skipuleggja sérstakt starf fyrir börn úr 3. og 4. bekk
- Hugmyndafræði óformlegs náms má efla ennfrekar (t.d. barnalýðræði í frístundaheimilum)


Samstarf

- Móta framtíðarsýn um eftt samstarf við grunnskóla
- Efla samstarf við foreldra, s.s. með öflugri heimasíðum og samráðsfundum
- Kanna forsendur fyrir því að efla samstarf frístundaheimila við annað skipulagt æskulýðs- og tómstundastarf


Aðbúnaður og húsnæði

- Húsnæði og aðbúnað þarf að bæta víða
- Meginrými frístundaheimila henta misvel, og fjöldi barna stundum of mikill
- Lítil aðstaða fyrir unglinga á skólatíma
- Skrifstofuaðstaða verkefnastjóra


Viðhorf foreldra




Opnar spurningar, flokkun



Viðhorf starfsfólks



Samanburður á viðhorfum starfsfólks



Viðhorf unglinga

